



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tónlistarstefnu fyrir árin 2023-2030, mál nr. 689.

Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) fagnar tillögu til þingsályktunar um tónlistarstefnu, fyrstu heildarstefnu þjóðarinnar í málefnum tónlistar. Með tónlistarstefnu og heildarlögum um tónlist er lagður fram heildarramma fyrir málefni tónlistar og er sú heildstæða nálgun ánægjufni.

Í þingsályktunartillögu um tónlistarstefnu kemur fram undir markmið og framtíðarsýn að með tónlistarstefnu verði mótuð framtíðarsýn og vegvísar með það að markmiði að styðja við tónlist sem listgrein, tónlistarfólk og aðra sem starfa við tónlist. Tryggð verði inngilding og aðgengi almennings að tónlist og tónlistarmenntun.

Tónlistarstefnan samanstendur af þremur megináherslum sem hver um sig hafa að geyma tiltekin markmið og aðgerðir til að ná þeim. Fyrsta megináherslan snýr að tónlistarmenningu og tónlistarmenntun. Meðal markmiða er að tónlistarmenntun verði fjölbreytt og af miklum gæðum og hafin verði endurskoðun aðalnámskrár tónlistarskóla (2000), að átak verði gert í nýliðun tónlistarkennara, og samhliða uppbyggingu framtíðarhúsnæðis Listaháskóla Íslands á að fara fram greining á framtíðarfyrirkomulagi skólans hvað varðar rekstrarform og skólagjöld.

Því ber að fagna að átak verði gert í nýliðun tónlistarkennara og þar skiptir miklu máli að skólagjöld séu ekki hindrun. Nú þegar er hafin vinna við endurskoðun á aðalnámskrá tónlistarskóla, sem er frá árinu 2000, en það er lykilatriði að öll fagleg umgjörð starfsemi tónlistarskóla sé aðlaðandi, styðjandi og í takt við nútímann. Þannig styður kerfið best við tónlist.

Í málefnum tónlistar er hlutverk tónlistarskóla út um land, og þess tónlistarfólks sem þar starfar, stórt hvort sem það varðar framangreinda megináherslu eða aðrar áherslur tónlistarstefnunnar, eins og kemur fram í greinargerð með tillögu að tónlistarstefnunni „Tónlistarskólakerfið á Íslandi er undirstaða tónlistarmenntunar, öflugs tónlistarlífs og tónlistargeira en rúmlega 80 tónlistarskólar eru starfræktir út um land allt. Tónlistarskólar eru víða lykilstofnanir í sínu nærsamfélagi á sviði menntunar, menningar og lista.“

Til að loka hringnum hvað varðar heildarramma fyrir málefni tónlistar þarf að ljúka við gerð heildarlaga um tónlistarskóla (sem komst í samráðsgátt árið 2013) en það er framsýn heildarstefna um málefni tónlistar sem hugar að grunninum, þeim innviðum sem tónlistin er sprottin úr.

Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, eru að stofninum til frá árinu 1963. Löggin mörkuðu tímamót í tónlistarfræðslu á sínum tíma og tryggðu uppgang í íslensku tónlistarlífi. Lögnum hefur í tvígang verið breytt, árið 1975 og árið 1985.



Sé tónlistargeiranum á Íslandi líkt við tré, þá er tónlistarmenntun trjástofninn og greinarnar sem af honum vaxa eru tónlistariðnaðurinn. Í ljósi þess hve mikilvægur hlekkur tónlistarskólarnir eru í virðiskeðju tónlistariðnaðar til framtíðar er lag að fyrsta tónlistarstefna þjóðarinnar hafi það á aðgerðaáætlun að ljúka við gerð laga um tónlistarskóla. Með lögum um tónlistarskóla væri svarað ákalli stéttarinnar um langt skeið um faglega umgjörð um starfsemi skólanna en segja má að tónlistarskólakerfið hafi verið hálf munaðarlaust frá árinu 1985.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. stjórnar Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

Sigrún Grendal



FÉLAG KENNARA OG STJÓRNENDA Í TÓNLISTARSKÓLUM

Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Sölvhóls götu 7,
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. september 2022

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum um drög að frumvarpi til laga um tónlist mál nr. 145/2022 og um drög að tónlistarstefnu mál nr. 146/2022

Kennarasamband Íslands (KÍ) og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) taka undir mikilvægi þess að setja þurfi skýran lagaramma um tónlist með heildarlöggjöf og að skýr tónlistarstefna sé mótuð. Þá telur sambandið nauðsynlegt að vekja athygli á nokkrum atriðum er varða frumvarpið og þau drög að tónlistarstefnu sem unnin voru samhliða því. Athugasemdir KÍ og FT lúta aðallega að tvennu.

Annars vegar eru gerðar athugasemdir við það samráð sem haft var við gerð frumvarpsins og stefnudraganna. Mikil ábyrgð hvílir á ráðuneyti að búa frumvarp til laga sem best úr garði og skapa forsendur fyrir því að löggjöf verði sem vönduðust. Til að ná þessu markmiði þarf að kalla eftir sjónarmiðum þeirra hópa sem frumvarp mun hafa áhrif á. Samkvæmt kynningu á frumvarpinu og drögum að tónlistarstefnu í samráðsgátt kemur fram að mikilvægt sé að „almenn sátt sé um þá stefnu sem er mörkuð í málefnum tónlistar og að stjórnvöld hafi sem besta innsýn inn í ólík sjónarmið“. Að mati KÍ og FT er ljóst að slík sátt næst ekki nema með aðkomu allra helstu fagaðila. FT er einn af mikilvægustu fagaðilum varðandi þau málefni sem frumvarpið og stefnu drögin fjalla um en ekki var haft samráð við FT við gerð frumvarpsins og stefnudraganna. KÍ og FT telja mikilvægt að eiga kost á því að gæta hagsmuna félagsmanna sinna með því að koma að sjónarmiðum sínum og þannig eiga möguleika á því að hafa áhrif á efni frumvarpsins og draganna.

Hins vegar snúa athugasemdir KÍ og FT að því að FT sé ekki skilgreint sem hagaðili í lögnum og þannig útlokað frá þeim veigamiklu áhrifum sem lögin veita hagaðilum líkt og nánar verður skýrt síðar.

Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum er mikilvægur hagsmunaaðili þegar kemur að mótun tónlistarstefnu og samstarfsvettvangi um stefnu og aðgerðir í málefnum tónlistar. Í því samhengi teljum við nauðsynlegt að gera grein fyrir hlutverki og markmiðum KÍ og FT til að varpa ljósi á mikilvægi aðkomu félagsmanna að gerð þessara laga og að FT verði skilgreint sem hagaðili skv. lögnum.

Kennarasamband Íslands

Kennarasamband Íslands starfar á landsvísu og innan þess eru átta aðildarfélög, þ.á.m. Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT), Félag leikskólakennara, Félag grunnskólakennara og Félag framhaldsskólakennara. Hlutverk KÍ er að gæta hagsmuna og réttinda félagsmanna sinna, fara með samningsrétt um kaup og kjör, efla fag- og stéttarvitund og efla skólastarf, kennaramenntun og starfsþróun félagsmanna.

Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

Það aðildarfélag KÍ sem hefur mestra hagsmuna að gæta hvað frumvarpið og stefnuþróingin varðar er Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Félagsmenn FT eru um 530 og starfa í um 80 tónlistarskólum um land allt. Aðild að félaginu eiga þeir sem kenna við tónlistarskóla, skólástjórar og millistjórnendur tónlistarskóla og þeir sem starfa við tengd störf og stofnanir. Samkvæmt 2. gr. laga FT er hlutverk félagsins m.a. að:

- afla og miðla upplýsingum um þróun tónlistarfræðslu sem og fagleg málefni er varða tónlistarskóla
- efla samstarf við samtök og stofnanir hér á landi og erlendis og vera tengiliður við stjórnvöld
- efla samvinnu og faglega umræðu meðal félagsmanna og við hagsmunaaðila
- stuðla að bættri tónlistarkennslu og styrkja stöðu tónlistarfræðslu í landinu

Í 17. gr. laganna er kveðið á um skipun fagraðs tónlistarskóla en skv. 18. gr. er hlutverk fagraðs að fjalla um fagleg málefni og skólamál, efla samstarf milli fagaðila og stjórnvalda, efla svæðisbundið samstarf, fylgjast með þróun tónlistarfræðslu hér á landi og erlendis og efla tónlistarkennslu og tónlistarlíf.

FT er fag- og hagaðili sem hefur margvíslegra hagsmuna að gæta við gerð frumvarps til laga um tónlist, við stofnun Tónlistarmiðstöðvar, tilnefningu í stjórn og tónlistarráð og gerð tónlistarstefnu.

Tónlistarskólar eru starfræktir í nánast öllum sveitarfélögum landsins og koma félagsmenn FT frá öllum þessum sömu stöðum. FT er undirstaða öflugs tónlistarlífs, tónlistarfólk er hluti af tónlistarlífinu á hverjum stað, heldur unga fólkinu, fjöregginu, á lofti, og leiðir það í gegnum sín fyrstu skref í tónlistarlífinu, - FT er mikilvægur hlekkur í virðiskeðju tónlistariðnaðar til framtíðar.

Í FT er fjölbreyttur hópur tónlistarfólks sem er burðarás í tónlistar- og menningarlífi á hverjum stað. Félagsmenn eru tónlistarkennarar, hljóðfæraleikarar, söngvarar, organistar, kórstjórar, hljómsveitarstjórar, flytjendur, tónskáld, höfundar, útgefendur, rannsakendur, fræðimenn, stjórnendur o.fl. Sem flytjendur eru þeir hluti af símfóníuhljómsveitum, kammerhópum, popphljómsveitum, rytmískum böndum, kórum o.fl., auk þess að vera einleikarar, einsöngvarar o.s.frv.

Drög að frumvarpi til laga um tónlist

KÍ og FT telja mikilvægt að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum við einstaka ákvæði frumvarpsins eins og það er birt í samráðsgátt.

Varðandi 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. lagafrumvarpsins er markmið laganna að efla umgjörð fyrir sköpun og flutning tónlistar á landinu öllu, marka heildarramma fyrir málefni tónlistar og búa henni hagstæð skilyrði. FT telur að til að þessu markmiði verði náð sé mikilvægt að félagið hafi aðkomu að því að marka heildarramma fyrir málefni tónlistar enda félagið málsvari stórs hóps þeirra sem marka grunninn að tónlistarfólki og tónlistariðnaði framtíðarinnar.

Varðandi 2., 3. og 4. gr.

Samkvæmt 2., 3. og 4. gr. eru möguleikar til þátttöku í því mikilvæga starfi sem Tónlistarmiðstöð og stjórn hennar mun hafa með höndum bundið við hagaðila. Á árlegum aðalfundi Tónlistarmiðstöðvar eiga seturétt stofnaðilar og þeir aðilar sem skipa fimm fulltrúa í stjórn Tónlistarmiðstöðvar. Það er því ljóst að hagaðilar gegna mikilvægu hlutverki skv. lögnum enda er miðstöðinni ætlað víðtækt hlutverk í málefnum tónlistar, s.s. að vera samstarfsvettvangur hagsmunasamtaka, hagaðila, atvinnulífs og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir í málefnum tónlistar. Lögð er því til sú breyting á frumvarpinu að FT teljist til mikilvægra hagaðila skv. lögnum og verði meðal þeirra aðila sem tilnefna fulltrúa í stjórn Tónlistarmiðstöðvar.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að einn hagaðila skv. frumvarpinu er Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH). Líkt og í Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum eru tónlistarkennarar og tónlistarfólk í FÍH. Til að gæta jafnræðis er lagt til að FT hafi sama hlutverk skv. lögnum og FÍH, þ.e. að félagið tilnefni fulltrúa í stjórn Tónlistarmiðstöðvar, geti setið aðalfundi miðstöðvarinnar og tilnefni í tónlistarráð og hafi þannig sömu tækifæri til að skipuleggja og ákvarða verkefni miðstöðvarinnar og hafa áhrif á málefni er varða tónlist. Með þessu myndi löggjafinn tryggja jafnræði félagsmanna í framangreindum tveimur félögum en mismunun í þessu samhengi gæti bæði brotið gegn jafnræðisreglu og félagafrelsisákvæði stjórnarskrár. Að óbreyttu hafa félagsmenn FT ekki sama tækifæri og félagsmenn FÍH sem getur valdið því að þeir kjósi frekar að eiga aðild að FÍH.

Varðandi 6. gr.

Ákvæðið fjallar um tónlistarráð sem á að vera stjórnvöldum og Tónlistarmiðstöð til ráðgjafar um málefni er varða tónlist og tekur þátt í stefnumótun Tónlistarmiðstöðvar. Ráðherra skipar fulltrúa í tónlistarráð skv. tilnefningum hagaðila innan tónlistar. KÍ og FT vísa hér til sömu sjónarmiða og áður um að aðkoma FT sé nauðsynleg sem hagaðili og að FT verði skilgreint sem hagaðili og tilnefni þannig fulltrúa í tónlistarráð sem slíkur.

Drög að stefnu um tónlist

Í drögum að tónlistarstefnu kemur fram að um fyrstu opinberu stefnu á sviði tónlistar á Íslandi er að ræða. Því er afar mikilvægt að FT eigi aðkomu að mörkun stefnunnar enda leggja félagsmenn FT sem sinna tónlistarkennslu grunninn að tónlistarfólki og tónlistariðnaði framtíðarinnar.

Í drögum að tónlistarstefnu er að finna eftirfarandi áherslur og markmið. Þar segir m.a. um tónlistarmenntun:

Áhersla I: Tónlistarmenning – og menntun
Markmið 3: Fjölbreytt hágæðatónlistarmenntun

- „Tryggja þarf eðlilega samfellu í námi, frá fyrstu stigum í tónlistarskólum sveitarfélaga yfir í mið- og framhaldsstig í Menntaskóla í tónlist...“.

KÍ og FT vekja athygli á því að fleiri tónlistarskólar og framhaldsskólar bjóða upp á tónlistarnám á framhaldsskólastigi og tónlistarbrautir en Menntaskóli í tónlist og því þurfa ákvæði laga og stefnudraganna að ná til þeirra skóla líka svo gætt sé jafnræðis milli skóla, nemenda þeirra og starfsmanna.

Eins og framangreint, sem og frumvarpið og stefnuörögin bera með sér, þá skiptir máli hverjir koma að borðinu þar sem hlutir eru mótaðir og ákvarðanir teknar. Þannig er mikilvægt að tónlistarstefna sem byggir á aðgengi, inngilding, jafnrétti og fjölbreytni, sbr. inngang stefnudraga, tilgreini hvorki einn skóla umfram annan né taki afstöðu til kennslufræðilegra aðferða. Fyrir trúverðugleika stefnunnar skiptir máli að hún endurspegli heildina. FT starfar á landsvísu og hefur það hlutverk að standa vörð um hagsmuni heildarinnar, jafnrétti, jafnræði, lýðræði og gagnsæi. Tónlist á að blómstra á landsbyggðinni jafnt sem á höfuðborgarsvæðinu, hún á að hafa marga farvegi, vera fjölbreytt og víða. Það eru hagsmunir KÍ og FT og félagsmanna þeirra að vera hluti af samtalinu um þróun tónlistarstarfsemi, mótun stefnu og skipulags innviða til framtíðar.

- „Á Íslandi á að vera aðgengi að fjölbreyttri tónlistarmenntun á öllum skólastigum...“.
Mikilvægt er að Kennarasamband Íslands sé þátttakandi í þeirri vinnu og aðgerðum sem lagðar eru til í fyrirliggjandi drögum að tónlistarstefnu þar sem í fyrirrúmi er aðgengi að fjölbreyttri tónlistarmenntun á öllum skólastigum.

Tónlistin er sameiginleg auðlind okkar

Með frumvarpi til laga um tónlist og drögum að tónlistarstefnu erum við að sækja okkur umboð sem tónlistarþjóð. Við kynningu á Íslandi sem tónlistarlandi, miðstöð tónlistar og landi hátíða, sbr. tónlistarstefnu, áherslu III, markmið 1, er mikilvægt að það umboð hafi sterka tengingu við grasrótina sem skóp þann farveg sem nýtt umboð er reist á. Framsýn heildarstefna um tónlist og okkar fyrstu lög um tónlist byggja á þeim innviðum sem tónlistin er sprottin úr.

Við fögnum þessu þarfa framtaki um leið og við bjóðum fram krafta okkar í stjórn Tónlistarmiðstöðvar sem mun halda um mikilvæga og spennandi stjórnartauma í þróun íslensks tónlistarlífs til framtíðar.


KÍ minnir á hlutverk Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum sem lítur að faglegri framþróun tónlistar. Í því samhengi má nefna að félagið hefur staðið fyrir fjölmörgum ráðstefnum og málþingum sem varða m.a. menntun, menningu og listir í víðu samhengi, gildi tónlistar og sköpunar, hlutverk tónlistarskóla í skóla framtíðarinnar og sem hluta af heildstæðu kerfi menntunar og menningar, tónlist fyrir alla, þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum og stefnumörkun og nýsköpun á þessu sviði til framtíðar, sjá fylgiskjal.

Sé tónlistargeiranum á Íslandi líkt við tré, þá er tónlistarmenntun trjástofninn og greinarnar sem af honum vaxa eru tónlistariðnaðurinn. Breið aðkoma að svo mikilvægum málum treystir grunninn og skapar sátt.

KÍ og FT hafa ýmsar fleiri ábendingar varðandi frumvarp til laga um tónlist og drög að stefnu um tónlist en sökum tímaskorts var því miður ekki unnt að gera því öllu skil í þessari umsögn. KÍ og FT leggjast gegn því að óbreytt frumvarp verði að lögum og að tónlistarstefnan verði samþykkt í óbreyttri mynd. Undirrituð óska eftir góðu samstarfi við ráðuneytið í áframhaldandi vinnu við lagafrumvarpið og stefnuðrögin.

Virðingarfyllst

f.h. Kennarasambands Íslands og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum



Magnús Þór Jónsson

Formaður Kennarasambands Íslands




Sigrún Grendal

Formaður Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

Ingunn Ósk Sturludóttir

Varaformaður Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum



Anna Lilja Sigurðardóttir

Lögfræðingur Kennarasambands Íslands

Umsögn

Þingsályktunartillaga - þingskjal 1060 — 689. mál um tónlistarstefnu fyrir árin 2023–2030.

Það er verulegt fagnaðarefni að stjórnvöld skuli nú leggja fram tillögu um stefnu í málefnum tónlistar og að víðtækt samráð hafi verið haft um mótun hennar. Skýr markmið og aðgerðabundnar stefnumarkandi áherslur eru lykilatriði fyrir áframhaldandi grósku og sterkara faglegt umhverfi. Með þessari þingsályktunartillögu eru flest megin atriðin ávörpuð.

Sérstaklega er fagnað áformum um að stofna Tónlistarmiðstöð sem mun tengja saman annars heldur brotakennt stuðningsumhverfi og snertifleti greinarinnar innbyrðis og við stjórnvöld. Einnig er ánægjulegt að sjá skýra áherslu á tónlistarmenntun og bætt aðgengi barna að fjölbreyttum tegundum tónlistar í ólíkum birtingarmyndum. Sama má segja um löngu tímabæra uppstokkun á styrkjakerfinu þar sem markmiðið virðist vera betri yfirsýn og skilvirkni þannig að regluverkið þjóni sem best tónlistarlífinu. Þetta á ekki síst við um hátíðahald sem hefur átt mjög erfitt uppdráttar vegna stuttra samninga og tímaramma sem gerir faglegt viðburðahald í formi árlegra hátíða nánast ómögulegt. Það er svo einkar jákvætt að sjá áherslu á aukna sjálfbærni með því að mótaður verði staðall fyrir tónlistarfólk, tónleikahaldara og tónlistarhátíðir um hvernig minnka megi kolefnisfótspor viðburða og tónleikaferðalaga og stuðla að meiri sjálfbærni í greininni.

Í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi eru haldnir allt að 700 tónleikar á ári. Tónleikahaldið í húsinu endurspeglar gríðarmikla breidd líkt og fjöldinn gefur til kynna og þau skipta hundruðum tónlistarfólkið, skipuleggjendurnir og tæknifólkið sem kemur að því viðburðahaldi – auk fjölmargra annarra starfsmanna í stoðgreinum viðburðahalds. Harpa hefur því ekki aðeins mikilvægu hlutverki að gegna sem vettvangur fjölbreyttrar tónlistarmiðlunar og menningar, heldur einnig sem atvinnuskapandi fyrir tónlistargeirann í heild sem aftur stuðlar að sterkari iðnaði og fagmennsku.

Harpa hefur í stefnumótun sinni endurspeglad eigendastefnu ríkis og Reykjavíkurborgar hvað varðar menningarlegt hlutverk hússins og starfar því undir þeim merkjum að vera bæði heimavöllur íslenskrar tónlistar og heimssvið fyrir alþjóðlega strauma. Í ljósi þessa liggur beint við að virkja enn betur hið sérhannaða tónlistarhús í eigu landsmanna og gera því enn frekar kleift að ná fram markmiðum nýrrar tónlistarstefnu. Það er því fagnaðarefni að þessi sérstaða Hörpu sé skýrt tilgreind í stefnunni sbr. greinargerð „*Mikilvægt er að halda á lofti mikilvægi Hörpu sem tónlistarhúss og tryggja að kostnaður sé ekki hindrun fyrir því að haldnir séu fjölbreyttir tónlistarviðburðir í húsinu.*“

Nýrri Tónlistarmiðstöð er falið að bera ábyrgð á meirihluta þeirra aðgerða sem tilgreindar eru í stefnunni. Því er því ljóst að árangurinn stendur og fellur með því að vel takist til um stofnun hennar, skipulag allt og rekstrargrundvöll sem verður að endurspegla umfang þeirra verkefna sem henni eru falin með samþykkt stefnunnar.

27. febrúar 2023.

Fyrir hönd Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Með vinsemd og virðingu,
Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri.



Alþingi
Nefnda- og greiningarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2023
Tilvísun: 202302-0020 / 0.11.2

Efni: Til umsagnar - Mál nr. 689 - Tillaga til þingsályktunar um tónlistarstefnu fyrir árin 2023–2030

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn bendir á tvennt undir tveimur áhersluliðum stefnunnar. Megináherslulið eitt: *Tónlistarmenning og -menntun* og megináherslulið tvö: *Tónlist sem skapandi atvinnugrein*.

Í megináherslulið eitt: *Tónlistarmenning og -menntun*, undir markmiði 1.2: Hugað verði að íslenskri tónlistararfleifð og varðveislu tónlistar.

Safnið vill benda á eftirfarandi málaflokka sem tengjast starfsemi þess:

- Varðveisla og söfnun á útgefni tónlist og tengdu efni
- Varðveisla og söfnun á íslenskum tónhandritum og útgefni tónlist
- Varðveisla og söfnun á frumritum íslenskrar tónlistar

Varðveisla og söfnun á útgefni tónlist og tengdu efni

Samkvæmt lögum nr. 20/2002 um skylduskil til safna ber Landsbókasafni að safna útgefnum íslenskum hljóðritum (sjá 6. gr.) og skilaskylda til safnsins á hljóðritum hófst árið 1977. Hljóðrit merkir: „hvers kyns miðil sem eingöngu hýsir upptökur á tali og tónum.“ Einnig er safnað útgefnum verkum sem eru gefin út á rafrænu formi á almennu tölvuneti (sjá 8. gr.). Í safninu eru varðveittar hljómplötur frá því fyrsta 78 snúninga hljómplatan var gefin út árið 1910 og fram til dagsins í dag. Í Landsbókasafni eru núna varðveittar 2.355 íslenskar hljómplötur, 6.753 geisladiskar, 1.301 snælda gefnar út á Íslandi og tæplega 15 þúsund stakar hljóðskrár gefnar út á almennu tölvuneti (vefútgáfur). Jafnframt er unnið að yfirfærslu á efninu á stafrænt form þar sem fyrrgreindir miðlar, hljómplötur, geisladiskar og snældur, eru forgengilegar sem og afspilunartækin. Veittur er aðgangur að hluta hljóðritanna á vefslóðinni hljodsafn.is. Einnig er varðveitt margvíslegt prentað efni er tengist tónlist, t.d. útgefna nótur, veggspjöld og kynningarefni. Allt þetta efni er aðgengilegt í safninu og boðið er upp á aðstöðu til hlustunar og notkunar. Að lokum má geta þess að um þessar mundir er safnið í viðræðum við hagaðila um hvernig best sé staðið að afhendingu og varðveislu á íslenskri tónlist sem er eingöngu gefin út á almennu tölvuneti (vefútgáfur).

Varðveisla og söfnun á íslenskum tónhandritum og útgefni tónlist

Í Landsbókasafni eru varðveitt handrit og einkaskjöl íslenskra tónlistarmanna. Söfnin eru fjölmörg og eru m.a. varðveitt í handritasafni, tónlistarsafni og leikminjasafni. Þá eru frumgögn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar einnig í vörslu safnsins. Mikið af þessum gögnum, ásamt ýmsu öðru, er aðgengilegt á vefmiðlum safnsins, s.s. ismus.is.

Varðveisla og söfnun á frumritum íslenskrar tónlistar

Í ágúst 2019 tók Landsbókasafn við hljóðritasafni Öldu Music og þar með hófst verkefni sem gengur undir heitinu *Frumrit íslenskrar tónlistar*. Verkefnið er unnið í samráði og samvinnu við hagaðila og hefur síðasta árið verið fjármagnað af menningar- og viðskiptaráðuneytinu. Safnið hefur að geyma frumupptökur (*mastera*) af íslenskri tónlist frá stofnun Íslenskra tóna árið 1947 og fram á 21. öld. Í þessu safni er einnig að finna útgefið tónlistarefni og margvíslegar prufuupptökur. Gögnin eru segulbönd og gagnadiskar. Í þessu safni eru í lok júlí 2022 11.400 geisladiskar, 5.002 tveggja rása segulbönd, 2.510 fjólrása segulbönd og 4.613 gagnadiskar. Safnið hefur verið skráð og í því eru 9.023 safneiningar. Þess má geta að á næstunni mun hefjast söfnun á gögnum beint frá hljóðverum. Öll þessi vinna er í samráði við hagaðila og aðgangur er takmarkaður við rétthafa. Þess má geta að í þessu verkefni hafa borist ýmisleg önnur gögn eins og tónlistarmyndbönd.

Í áherslulið tvö, markmið þrjú: *Tónlist sem skapandi atvinnugrein*. Markmið 2.3 *Betri yfirsýn yfir umfang tónlistar-geirans*. Þá vill safnið benda á eftirfarandi undir liðum 2.3.1. Gerð verði úttekt á skráningu tónlistartengdra fyrirtækja og þeim grunnögnum sem notuð eru í tölfraeðiúttektum Hagstofu Íslands og 2.3.2. Tónlistarmiðstöð hýsi miðlægan grunn með ýmiss konar tölulegum upplýsingum um tónlist og sé tengiliður tónlistar við Hagstofu Íslands, háskólastofnanir og aðra sem sinna rannsóknum á sviði menningar og lista.

Í fyrsta lagi þá eru tölulegar upplýsingar um íslenska tónlistarútgáfu í bókfræðigrunni safnsins – Gegni og í gagnagrunninum hljóðsafn.is. Í þessum tveimur gagnagrunnum er skráð öll útgefin íslensk tónlist sem er skilaskyld til safnsins og erlendar hljóðritaútgáfur Íslendinga. Hér má jafnframt benda á að útgáfuform tónlistar hefur breyst mjög á undanfórnum árum og hefur færst að miklu leyti yfir á almenn tölrunet (vefútgáfa). Það felst mikil áskorun fyrir Landsbókasafn safna henni, skrá, varðveita og miðla. Þar er leiðandi er mikilvægt að Landsbókasafn taki þátt uppbyggingu á miðlægum gangagrunni um tölulegar upplýsingar um tónlist.

Í öðru lagi þá eru gögn er varða rannsóknir á sviði menningar og lista varðveitt í Landsbókasafni í mismunandi einingum, s.s. handritasafni, tónlistarsafni, hljóð- og myndsafni og leikminjasafni.

Mikilvægt er að safnið eigi í góðum samskiptum við aðra hagaðila, sérstaklega þar sem aðferðir til útgáfu og miðlunar hafa tekið miklum breytingum. Útgáfa hefur á seinni árum færst frá stórum útgáfufyrirtækjum til minni fyrirtækja og einyrkja.

Að því sögðu er mikilvægt að aðkoma og þátttaka Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns við innleiðingu á þessari fyrstu opinberu tónlistarstefnu Íslands sé tryggð.

Virðingarfyllt,


Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður


Örn Hrafnkelsson
sviðsstjóri varðveislu og stafrænnar endurgerðar



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um tillögu til þingsályktunar um tónlistarstefnu fyrir árin 2023 - 2030, 689. mál

27. febrúar 2023

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja öllum ákvæðum hans. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að samningurinn verði lögfestur og þá er nýlega hafin af hálfu ríkisins framkvæmd sérstakrar landsáætlunar um innleiðingu hans.

Landssamtökin Þroskahjálpar leggja því mikla áherslu á að þingsályktunartillagan verði sérstaklega skoðuð og rýnd m.t.t. þess að í henni verði tekið fullt tillit til aðstæðna, þarfa og réttinda fatlaðs fólks, almennt og sérstaklega fólks með þroskahömlun, einhverfs fólks og fólks með aðrar skyldar fatlanir. Það er mjög afdráttarlaus og mikilvæg skylda íslenska ríkisins að gæta þessa við stefnumótun af þessu tagi. Sú skylda er sérstaklega áréttuð í 4. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, sem hefur yfirskriftina **Almennar skuldbindingar**. Þar segir m.a.:

1. *Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.*

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

- a) *að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,*
- b) *að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,*
- c) ***að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð, ...*** (Feitletr. Þroskahj.)

Í samningnum eru ýmis ákvæði sem geta augljóslega haft verulega þýðingu í sambandi við það mál sem hér er til umsagnar.

5. gr. samningsins hefur yfirskriftina **Jafnrétti og bann við mismunun**. Þar segir:

1. *Aðildarríkin viðurkenna að allar manneskjur eru jafnar fyrir og samkvæmt lögum og eiga rétt á jafnri vernd og jöfnum ávinningi af lögum án nokkurra mismununar.*
2. *Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og árangursríka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er.*
3. ***Aðildarríkin skulu, í því skyni að efla jafnrétti og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.***
4. *Eigi ber að líta á sértækar aðgerðir, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram raunverulegu jafnrétti fyrir fatlað fólk, sem mismunun í skilningi samnings þessa.* (Feitletr. Þroskahj.)

30. gr. samningsins hefur yfirskriftina **Þátttaka í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi**. Þar segir m.a.:

Landssamtökin Þroskahjálpar

Háaleitisbraut 13 · 108 Reykjavík

Sími 588 9390 · throskahjalp@throskahjalp.is

www.throskahjalp.is

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í menningarlífi til jafns við aðra og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk:

- a) njóti aðgengis að menningarefni í aðgengilegu formi,
- b) njóti aðgengis að sjónvarpsefni, kvikmyndum, leikhúsi og öðrum menningarviðburðum í aðgengilegu formi,
- c) njóti aðgengis að stöðum þar sem flutningur menningarefnis eða þjónusta á sviði menningar fer fram, t.d. leikhúsum, söfnum, kvikmyndahúsum, bókasöfnum og ferðaþjónustu og njóti, eftir því sem við verður komið, aðgengis að minnisvörðum og stöðum sem hafa þjóðmenningarlegt gildi.

2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái tækifæri til að þróa og nota sköpunargáfu sína og listræna og vitsmunalega getu, ekki einvörðungu í eigin þágu, heldur einnig í því skyni að auðga samfélagið.

3. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við alþjóðalög, til þess að tryggja að lög, sem vernda hugverkarétt, feli ekki í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki eða óréttmætar hindranir við aðgang þess að menningarefni.

4. Fatlað fólk skal eiga rétt, til jafns við aðra, á viðurkenningu og stuðningi við sérstaka menningar- og tungumálssjálfsmynd sína, þar á meðal táknmál og menningu heyrnarlauss og heyrnarskerts fólks. (Feitletr. Þroskahj.)

24. gr. samningsins hefur yfirskriftina **Menntun**. Þar segir:

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Í því skyni að þessi réttur verði að veruleika án mismununar og á grundvelli jafnra tækifæra skulu aðildarríkin tryggja menntakerfi án aðgreiningar á öllum skólastigum og við símenntun sem beinist að því:

a) að mannleg geta og tilfinning fyrir reisn og eigin verðleikum þroskist til fulls og að virðing fyrir mannréttindum, grundvallarfrelsi og mannlegum margbreytileika vaxi,

b) að fatlað fólk geti þroskað til fulls persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu,

c) að gera fötluðu fólki kleift að taka virkan þátt í frjálsum samfélagi.

2. Til að þessi réttur megi verða að veruleika skulu aðildarríkin tryggja:

a) að fatlað fólk sé ekki útilokað frá almenna menntakerfinu á grundvelli fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsum skyldunámi á grunnskólastigi eða námi á framhaldsskólastigi á grundvelli fötlunar,

b) að fatlað fólk hafi aðgang til jafns við aðra að endurgjaldslausri grunn- og framhaldsskólamenntun án aðgreiningar, sem uppfyllir almennar kröfur um gæði, í þeim samfélögum þar sem það býr,

c) að viðeigandi aðlögun sé veitt í samræmi við þarfir viðkomandi einstaklings,

d) að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning innan almenna menntakerfisins til þess að greiða fyrir árangursríkri menntun þess,

e) að árangursríkur, einstaklingsmiðaður stuðningur sé veittur í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagsþroska sem samræmist markmiðinu um fulla þátttöku án aðgreiningar.

3. Aðildarríkin skulu gera fötluðu fólki kleift að öðlast hagnýta og félagslega færni í því

skyni að greiða fyrir fullri þátttöku þess, til jafns við aðra, í skólastarfi og sem borgarar í samfélaginu. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni, meðal annars:

- a) auðvelda fólki að læra punktaletur, óhefðbundna ritun, auknar og óhefðbundnar samskiptaleiðir, -máta og -form og færni í skynjun og hreyfifærni, ásamt því að greiða fyrir jafningjastuðningi og jafningjaráðgjöf,
- b) auðvelda fólki að læra táknmál og efla sjálfsmynd heyrnarlauss og heyrnarskerts fólks með tilliti til tungumáls,
- c) tryggja að menntun fólks, og þá sérstaklega barna, sem er blint eða sjónskert, heyrnarlaust eða heyrnarskert eða fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu fari fram á viðeigandi tungumálum og tjáningarmáta sem hentar viðkomandi einstaklingi og í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagsþroska.

4. Í því skyni að tryggja að fyrrnefnd réttindi verði að veruleika skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða kennara, þar á meðal fatlaða kennara með sérþekkingu á táknmáli og/eða punktalettri, og þjálfa fagfólk og starfsfólk sem starfar á öllum sviðum menntakerfisins. Slík þjálfun skal fela í sér vitund um fötlun og notkun viðeigandi aukinna og óhefðbundinna samskiptaleiða, -máta og -forma, kennsluáðferða og námsgagna sem er ætlað að styðja fatlað fólk.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk hafi aðgang að almennu námi á háskólastigi, starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar. (Feit- og skáletr. Þroskahj.)

7. gr. samningsins hefur yfirskriftina **Fötluð börn** og hljóðar svo:

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að fötluð börn fái notið allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til fulls og jafns við önnur börn.

2. Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.

3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll málefni er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefið tilhlýðilegt vægi í samræmi við aldur þeirra og þroska og til jafns við önnur börn og veita þeim aðstoð þar sem tekið er viðeigandi tillit til fötlunar þeirra og aldurs til þess að sá réttur megi verða að veruleika.

Landssamtökin Þroskahjálpl leggja mjög mikla áherslu á að þess verði sérstaklega gætt við þá stefnumótun sem hér er til umsagnar sem og alla framkvæmd hennar, að taka fullt tillit til aðstæðna og þarfa fatlaðs fólks og réttinda þess, sem vernduð og áréttuð eru í samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og þeirra skyldna sem á stjórnvöldum hvíla samkvæmt samningnum.

Í því sambandi vilja samtökin leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi:

- Að við alla vinnu verði þau ákvæði samnings SP um réttindi fatlaðs fólks er varða þátttöku í menningarlífi og listsköpun kynnt sérstaklega fyrir vinnuhópum, í samráði við samtök fatlaðs fólks.
- Að samtök fatlaðs fólks eigi sæti við borðið.

- Mjög mikilvægt er að við endurskoðun aðalnámskrár verði sérstaklega hugað að stöðu tónlistarskóla sem kenna fötluðu fólki, þ.m.t. börnum og ungmennum, fjármögnun þeirra og krafa um námsframvindu.
- Aðgengi að tónlistarmenntun fyrir fatlað fólk, þ.m.t. börn og ungmenni, verði skoðuð sérstaklega.

Samtökin lýsa miklum vilja og áhuga til samráðs varðandi það mál sem hér er til umsagnar og vísa í því sambandi til **samráðsskyldu stjórnvalda**, sem er áréttuð sérstaklega í 3. mgr. 4. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, sem hljóðar svo:

*Við þróun og innleiðingu löggjafar og **stefnu við innleiðingu samnings þessa** og við annað ákvörðunartökufæri varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd. (Feitletr. Þroskahj.)*

Samtökin óska einnig eftir að fá fund með **allsherjar- og menntamálanefnd** til að gera nefndinni betur grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi þetta mikilvæga mál.

Virðingarfyllt.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, sérfræðingur í málefnum fatlaðs fólks

Anna Lára Steindal, verkefnastjóri

Minnisblað: Viðbrögð við umsögnum til AMEN

Allsherjar- og menntamálanefnd óskaði eftir minnisblaði frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu um viðbrögð við umsögnum sem borist hafa við frumvarp til tónlistarlaga (542. mál) og tónlistarstefnu fyrir árin 2023-2030 (689. mál).

Viðbrögð menningar- og viðskiptaráðuneytis eru í skáletri við hverja umsögn.

542. mál: Frumvarp til tónlistarlaga

Sjö umsagnir bárust.

Félag íslenskra tónlistarmanna (FÍT)

Gerð er athugasemd um að tryggja þurfi aðkomu FÍT að stjórn tónlistarmiðstöðvar og að tónlistarráði.

- FÍT er nú þegar á lista yfir hagaðila í tónlistarráði. Samkvæmt frumvarpinu mun stjórn tónlistarmiðstöðvar samstanda af sjö aðilum, fimm sem skipaðir eru eftir tilnefningu frá tilteknum stofnaðilum og tveimur sem skipaðir eru án tilnefningar. Meðal þeirra sem tilnefna í stjórn er FÍH en FÍT er deild innan FÍH. Hefðbundnar stjórnir eru fimm til sjö manna og ekki var talið viturlegt að stjórn væri of fjölskipuð, bæði vegna aukins kostnaðar og til að stærð stjórnar yrði ekki hamlandi fyrir störf hennar og ákvörðunartöku. Í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er tekið fram að „Stjórn félagsins skal vera af þeirri stærð og þannig samsett að henni sé kleift að sinna málefnum félagsins af skilvirkni og heilindum.“ Með núverandi tillögu um stærð og samsetningu stjórnar tónlistarmiðstöðvar, sem inniheldur fulltrúa frá öllum helstu hliðum tónlistarsenunnar, þ.e. framleiðenda, flytjenda, tónhöfunda og tónlistarkennara, telur ráðuneytið að þessu sé náð. Ómögulegt væri að skipa alla hagaðila sem þessi óskuðu í stjórn en til þess að ná sem mestri breidd og sem flestum sjónarmiðum inn í störf tónlistarmiðstöðvar var ákveðið að leggja til stofnun tónlistarráðs í frumvarpi til tónlistarlaga. Hlutverk tónlistarráðs er m.a. að vera stjórnvöldum og tónlistarmiðstöð til ráðgjafar og hafa fulltrúar í tónlistarráði aðgang að aðalfundum tónlistarmiðstöðvar og taka þátt í stefnumótun miðstöðvarinnar.*

Gerð er athugasemd um að tryggja þurfi nýjum tónlistarsjóði fjármagn, að breyta þurfi tímasetningum á úthlutunum þannig að svör geti borist í tæka tíð fyrir framkvæmd verkefna, og að gæta skuli þess að yfirbygging og uppbygging nýs kerfis taki ekki af fjármagni til tónlistarstarfseminnar sjálfrar.

- Aukið fjármagn hefur verið tryggt í nýjan tónlistarsjóð til loka ársins 2025. Vinna við úthlutunarreglur nýs sjóðs mun hefjast við gildistöku laganna en nú þegar hefur verið gert ráð fyrir að hægt verði að sækja um fyrir verkefni fyrir en tíðkast hefur, þannig að umsókn um styrk fyrir verkefni verði svarað áður en framkvæmd hefst. Sú breyting er einnig hluti af því að styðja við aukna fagmennsku í tónlistarverkefnum en stærri verkefni á borð við tónlistarhátíðir þurfa langt undirbúningstímabil svo vel megi vera. Verið er að skoða kerfislausnir fyrir umsýslu sjóðsins í samstarfi við Stafrænt Ísland með það fyrir augum að styðja við faglega umsýslu með því að notast við tiltækar lausnir sem sniðnar eru að þörfum sjóðsins, sem ætlað er að hafa í för með sér lægri tilkostnað en bygging nýs kerfis. Áhersla er lögð á að halda yfirbyggingu og kostnaði við sjóðinn í lágmarki til að hámarka það fjármagn sem hægt er að úthluta til tónlistarverkefna.*

Kennarasamband Íslands (KÍ) og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT)

Umsögnin er hin sama og send var um drög að frumvarpinu eins og þau birtust í Samráðsgátt stjórnvalda. Talsverðar breytingar voru gerðar á frumvarpinu fyrir framlagningu þess á Alþingi, þar sem m.a. var brugðist við sjónarmiðum sem fram koma í umsögninni. Um viðbrögð ráðuneytisins við umsögninni vísast til samráðskaflans í greinargerð með frumvarpinu.

Félag tónskálda og textahöfunda (FTT)

Gagnrýnt er að FT (Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum) eigi fulltrúa í stjórn tónlistarmiðstöðvar með þeim rökstuðningi að tónlistarmenntun heyrri hvorki undir starfsemi tónlistarmiðstöðvar né undir ráðuneyti menningar.

- *Tónlistarmenntun heyrir ekki undir ráðuneyti menningar en stefna í málefnum tónlistar, sem hefur áhrif á verkefni tónlistarmiðstöðvar, er unnin í nánú samráði við mennta- og barnamálaráðuneyti sem sér um málefni tónlistarmenntunar. Tónlistarmenntun er einn af hornsteinum íslensks tónlistarlífs, stór hluti tónlistarfólks hefur feril sinn í tónlistarskólum og því telur ráðuneytið að tónlistarkennarar, og þar af leiðandi FT, séu beintengdir næstu kynslóð grasrótar. Því er mikilvægt að félagið eigi fulltrúa í stjórn.*

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Umsögnin snýr að því að Landsbókasafn verði skilgreint sem hagaðili og meðlimur í tónlistarráði.

- *Ráðuneytið hefur nú þegar gert ráð fyrir Landsbókasafninu á lista yfir hagaðila sem boðið verður að tilnefna fulltrúa í tónlistarráð.*

Reykjavíkurborg

Bent er á að skerpa mætti á þrjúþættu hlutverki tónlistarmiðstöðvar, sérstaklega kjarnasviðsins Inntóns, og hlutverki tónlistarráðs. Einnig er lagt til að settur verði hámarkstími á ráðningu framkvæmdastjóra tónlistarmiðstöðvar. Að lokum er lagt til að bætt verði við ákvæði um að samráð skuli haft við borgina um fjárhagsáætlun Sinfóníuhljómsveitarinnar.

- *Hlutverkum tónlistarmiðstöðvar og þeim þremur kjarnasviðum og stoðsviði sem saman mynda starfsemi miðstöðvarinnar er lýst í kafla 3 í greinargerð með frumvarpinu. Ráðuneytið tekur undir mikilvægi þess að hlutverkið sé skýrt gagnvart almenningi og kemur í hlut stjórnar og framkvæmdastjóra tónlistarmiðstöðvar að stuðla að því þegar þar að kemur, svo sem með upplýsingagjöf á vefsíðu miðstöðvarinnar og öðru kynningarefni eftir atvikum. Ekki verður séð að tilefni sé að gera breytingar á frumvarpinu hvað þetta varðar. Lýsing á hlutverki tónlistarráðs var dýpkuð í greinargerð eftir umsagnir í samráðsgátt. Ákveðið var að festa ekki fjölda fulltrúa í ráðinu þar sem fyrirséð er að mikil þróun muni eiga sér stað innan tónlistargeirans á næstu árum og viiji var til að geta bætt við fulltrúum úr nýjum félögum eftir þörfum. Fjöldi funda var heldur ekki festur þar sem þörfin fyrir fundahöld geta verið mismunandi eftir árum. Við samningu frumvarpsins kom til skoðunar hvort í lögunum ætti að koma fram ákvæði um að ráðning framkvæmdastjóra skyldi vera tímabundin. Ákveðið var að kveða ekki á um tímabindingu ráðningar framkvæmdastjóra í frumvarpinu, þar sem óhefðbundið væri að ákveða fyrirfram tímallengd ráðningarsambands framkvæmdastjóra sem er ábyrgur gagnvart stjórn, jafnt í því rekstrarformi sem gert er ráð fyrir að Tónlistarmiðstöð starfi samkvæmt sem og öðrum. Slíku ákvæði fylgdi jafnframt aukið flækjustig og tilvist þess gæti haft áhrif á*

eftirsókn hæfra einstaklinga til að sinna starfinu.

Ráðuneytið vekur athygli á að gert er ráð fyrir að Tónlistarmiðstöð verði sjálfseignarstofnun sem rekin verði á einkaréttarlegum grunni. Um starfsmenn hennar, þ.m.t.

framkvæmdastjóra, gilda ekki lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 2. mgr. 2. gr. þeirra laga. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn, sem er tímabundið skipuð, og er hann ábyrgur gagnvart henni. Ýmis rök eru fyrir því að hollt geti verið að skipta um framkvæmdastjóra með nokkurra ára millibili, eins og bent er á í umsögn Reykjavíkurborgar. Það kemur í hlut stjórnar að ákveða um þetta og gæti stjórn t.a.m. sett sér viðmið í þeim efnum. Telur ráðuneytið að betur fari á því að stjórn verði treyst til að meta hvenær tímabært er að skipta um framkvæmdastjóra heldur en að nákvæmar reglur þess efnis komi fram í lögum.

Ráðuneytið tekur undir ábendingu borgarinnar um að eðlilegt sé að samráð verði haft við Reykjavíkurborg um gerð fjárhagsáætlunar fyrir Sinfóníuhljómsveitina, enda leggur borgin til 18% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar. Slíkt samráð getur farið fram hvort sem það byggist á lagaskyldu eða ekki og getur nægt að nefndin fjalli um þennan þátt í álitinu.

Ríkisendurskoðun

Bent er á að ákvæði um að senda eigi efnahags- og rekstrarreikning Sinfóníuhljómsveitar Íslands til Ríkisendurskoðunar til endurskoðunar sé óþarfi enda falli endurskoðun á ársreikningum Sinfóníuhljómsveitarinnar undir starfssvið ríkisendurskoðanda samkvæmt lögum um ríkisendurskoðun og endurskoðun ríkisreikninga.

- *Ráðuneytið tekur undir ábendinguna og leggur til að lokamálsliður 9. mgr. 9. gr. frumvarpsins falli brott.*

STEF

Bent er á að skerpa mætti á hlutverki tónlistarmiðstöðvar þegar kemur að ráðgjöf og aðstoð við innlent tónlistarlíf. Einnig er athugasemd gerð við breytingar á stjórnskipan tónlistarmiðstöðvar frá því að frumvarp var lagt fram í samráðsgátt, þ.e. stækkun stjórnar úr fimm í sjö aðila og gerir athugasemdir við að við hafi bæst stjórnarmaður tilnefndur af FT (Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum) þar sem tónlistarkennsla falli ekki undir málefni tónlistarmiðstöðvar, auk þess sem tónlistarkennsla heyrir ekki undir ráðuneyti menningar.

- *Um þetta vísast til fyrri umfjöllunar, m.a. um umsögn FTT hér að framan.*

689. mál: Tónlistarstefna fyrir árin 2023-2030

Tíu umsagnir bárust.

Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT)

Lagt er til að lokið sé við gerð heildarlaga um tónlistarskóla sem lögð voru fram í samráðsgátt stjórnvalda árið 2013.

- *Málefni tónlistarskóla heyra undir barna- og menntamálaráðuneytið og eru því ekki á forræði menningar- og viðskiptaráðuneytisins.*

Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) og Kennarasamband Íslands (KÍ)

Umsögn FT er hin sama og félagið sendi um drög að tónlistarstefnu eins og þau birtust í Samráðsgátt stjórnvalda. Talsverðar breytingar voru gerðar á drögunum fyrir framlagningu á Alþingi, þar sem m.a. var brugðist við sjónarmiðum sem fram koma í umsögninni. Um viðbrögð ráðuneytisins við umsögninni vísast til samráðskaflans í greinargerð með þingsályktunartillögum.

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús

Áhersla er lögð á að árangur af tónlistarstefnu standi og falli með nýrri Tónlistarmiðstöð og að vel takist til um stofnun hennar, skiplag og rekstrargrundvöll.

- *Ráðuneytið hefur lagt mikla áherslu á ítarlegan og góðan undirbúning fyrir stofnun miðstöðvarinnar, umgjörð og skipulagningu, auk þess sem rekstrargrundvöllur hennar næstu ár hefur verið tryggður. Faglegt og gott starf miðstöðvarinnar er áherslumál fyrir ráðuneytið.*

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Bent er á viðtækt hlutverk Landsbókasafnsins í söfnun á upplýsingum og tölum um íslenska tónlist og mikilvægi þess að stofnunin sé með aðkomu og þátttöku við innleiðingu á tónlistarstefnunni.

- *Ráðuneytið er sammála því að Landsbókasafnið sé mikilvægur hagaðili og hafi hlutverki að gegna við innleiðingu á tónlistarstefnunni. Landsbókasafnið er nú þegar á lista yfir hagaðila sem beðnir verða um tilnefningu á fulltrúa í tónlistarráð auk þess sem samskipti hafa verið á milli ráðuneytisins og stofnunarinnar um þátttöku í afmörkuðum aðgerðum tónlistarstefnunnar.*

Proskahjálp

Bent er á að íslenska ríkið hafi fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem feli í sér að samráð skuli haft við fatlað fólk og virk þátttaka þeirra tryggð í stefnumótun stjórnvalda.

- *Ábendingin er góð og ráðuneytið tekur hana til greina. Gætt verður að því að samráð verði haft við samtökin og aðra viðeigandi aðila við mótun síðari aðgerðaáætlunar stefnunnar.*
- **Reykjavíkurborg – Skrifstofa Menningarmála**
Lögð er til eftirfarandi orðalagsbreyting á aðgerð 3.1.3: „Skoðað verði hvernig virkja megi enn frekar samstarf við sendiskrifstofur Íslands erlendis í útflutningi og kynningu á íslenski tónlist og tónlistarfólki og í því skyni verða burðir sendiskrifstofanna til að taka við slíkum verkefnum skoðaðir sérstaklega.“
Ráðuneytið sér ekkert því til fyrirstöðu að breyta orðalagi aðgerðarinnar í samræmi við tillögu Reykjavíkurborgar.

STEF

Bent á mikilvægi þess að samráð sé haft við önnur ráðuneyti sem að aðgerðum stefnunnar koma. Einnig er bent á að vísa hefði mátt í áform um Þjóðaróperu í stefnunni og að kveða mætti á um heildarendurskoðun á höfundalögum.

*Samráð var haft við barna- og menntamálaráðuneytið og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið um menntahluta stefnunnar sem og aðgerðaráætlun.
Málefni óperu heyra undir sviðslistir og er stefnumótun fyrir sviðslistastefnu í undirbúningi*

hjá ráðuneytinu. Stefna stjórnvalda á sviði höfundaréttar birtist í Menningarsókn - aðgerðaáætlun til 2030.

Teitur Magnússon

Lagt er til að stofnað verði „Inntón“ sem aðstoði tónlistarfólk við að ferðast og spila innanlands.

- *Nú þegar er gert ráð fyrir að eitt af kjarnasviðum Tónlistarmiðstöðvar muni sinna stuðningi og fræðslu um innlendan tónlistarmarkað undir nafninu „Inntón“. Nánar er fjallað um hlutverk Inntóns í frumvarpi til tónlistarlaga.*

Tónstofa Valgerðar

Bent er á mikilvægi þess að við endurskoðun á aðalnámsskrá tónlistarskóla verði tekið tillit til jafnréttis og inngildingar, auk þess er bent á að kennaranám þurfi strax á bakkalárstigi að taka fyrir inngildingu og jafnrétti. Að lokum er bent á mikilvægi þess að standa vörð um réttindi fatlaðs fólks með virkri þátttöku þess í menningarlífi og listum.

- *Ábendingarnar eru góðar og verða sendar til ábyrgðaraðila viðeigandi aðgerða í aðgerðaráætlun til að taka meg tillit til þeirra framkvæmd á aðgerðum. Líkt og segir réttilega í umsögninni þá eru leiðarstefin í tónlistarstefnunni aðgengi, inngilding og jafnrétti og verða þau leiðarstef í heiðri höfð við innleiðingu stefnunnar.*

ÚTÓN

Bent er á mikilvægi þess að geta sótt um með góðum fyrirvara í nýjan tónlistarsjóð. Einnig bent á nokkra punkta um Tónlistarmiðstöð og að lokum undrun lýst á að félag tónlistarkennara hafi aðkomu að stjórn Tónlistarmiðstöðvar en ekki samband tónleikahaldara.

- *Úthlutunarreglur nýs tónlistarsjóðs munu gera ráð fyrir að hægt sé að sækja um styrk fyrir verkefnum með góðum fyrirvara. Margir hagaðilar finnast innan tónlistar sem allir hafa mikilvægu hlutverki að gegna en því miður geta ekki allir hópar haft beina aðkomu að stjórn Tónlistarmiðstöðvar. Aðkoma hagaðila að stefnumótun og ráðgjöf til Tónlistarmiðstöðvar er tryggð í gegnum tónlistarráð. Samband tónleikahaldara eru á lista yfir hagaðila og munu því eiga kost á að tilnefna fulltrúa í tónlistarráð.*



Alþingi - nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um Tillögu til þingsályktunar um tónlistarstefnu fyrir árin 2023 – 2030, 153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 1060 — 689. mál.

Reykjavíkurborg hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um tónlistarstefnu fyrir árin 2023 – 2030. Reykjavíkurborg fagnar því að unnið sé að heildarstefnu í málefnum tónlistar á Íslandi. Skrifstofa menningarmála, f.h. Reykjavíkurborgar sendi inn ítarlega umsögn um drög að tónlistarstefnu þegar þau fóru í gegnum samráðsgátt stjórnvalda og vill taka fram að það er ánægjulegt að sjá að tónlistarstefnan hefur tekið ýmsum jákvæðum breytingum frá fyrstu drögum sem kynnt voru. Skrifstofa menningarmála á Menningar- og íþróttasviði hefur kynnt sér málið ítarlega og leggur fram neðangreind umsögn.

Í megináherslu 3, aðgerð 3.1.3 er lagt til að skoðað verði hvernig virkja megi enn frekar samstarf við sendiskrifstofur Íslands erlendis í útflutningi og kynningu á íslenskri tónlist og tónlistarfólki. Í því skyni er mikilvægt að endurskoða burði sendiskrifstofanna til að taka við slíkum verkefnum. Lögð er til eftirfarandi breyting: „*Skoðað verði hvernig virkja megi enn frekar samstarf við sendiskrifstofur Íslands erlendis í útflutningi og kynningu á íslenskri tónlist og tónlistarfólki og í því skyni verða burðir sendiskrifstofanna til að taka við slíkum verkefnum skoðaðir sérstaklega.*“

Virðingarfyllst,

María Rut Reynisdóttir
Skrifstofustjóri menningarmála,
Menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík 27.02.2023

Varðar: Umsögn STEFs
- tillaga til þingsályktunar um tónlistarstefnu fyrir árin 2023-2030

STEF fagnar þessari tillögu til þingsályktun því með henni hefur í fyrsta sinn orðið til heilstæð opinber stefna á sviði tónlistar á Íslandi ásamt aðgerðaráætlun.

Í stefnunni er að finna mörg metnaðarfull markmið sem lúta að flestum hliðum tónlistarlífs hér á landi eins og húsnæðismálum, varðveislu menningarverðmæta tónlistar, tónlistarmenntun, stuðning við framsækinn tónlistariðnað og skilvirkt sjóðakerfi svo og áherslu á útflutning tónlistar. Ljóst er að hluti af þessum markmiðum eru innan verksviðs annarra ráðuneyta en menningar- og viðskiptaráðuneyti og því nauðsynlegt að við framkvæmd hennar verði haft viðtækt samráð við önnur ráðuneyti.

Nú þegar má sjá afrakstur endurskipulagningar sjóðakerfis tónlistar í nýju frumvarpi til tónlistarlaga svo og markmið um tónlist sem skapandi atvinnugrein með stuðningi Tónlistarmiðstöðvar sem stofnuð verður á næstu mánuðum. Er þetta afskaplega ánægjulegt.

Til viðbótar við þau markmið sem fram koma í stefnunni hefði verið eðlilegt að sjá þar einnig vísað til áforma um Þjóðaróperu.

Þá er ánægjulegt að sjá að frá fyrri útgáfum tónlistarstefnu hefur nú verið bætt við ákvæði um að tónleikastaðir og tónleikahaldarar geti sótt um styrki.

Þá vill STEF einnig benda á að í stefnunni hefði mátt kveða á um nauðsynlega heildarendurskoðun á höfundalögum sem að svo mörgu leyti eru orðin barn síns tíma og við þá endurskoðun svo og við innleiðingu tilskipana ESB um höfundarétt verði haft að leiðarljósi að þau réttindi sem höfundalög tryggja helstu hagsmunaaðilum tónlistargeirans, höfundum, flytjendum og framleiðendum séu hornsteinn þess að tónlist geti verið fullgild og eftirsóknarverð atvinnugrein.

Hins vegar er ljóst að til að náð verði þessum metnaðarfullu markmiðum tónlistarstefnu þarf að tryggja fjármagn til geirans til framtíðar umfram það sem fylgir stofnun Tónlistarmiðstöðvarinnar og endurskipulagningu sjóðakerfisins, auk þess sem nauðsynlegt er

að fara í vinnu við að skapa þessum markmiðum farveg með endurskoðun fjölmargra laga og reglugerða. Í því sambandi hefði aðgerðaráætlun gjarnan mátt vera ítarlegri en raunin er.

Virðingarfyllst
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri

Kæra nefnd

Við má bæta mikilvægum málaflokki sem á það til að gleymast hér á landi en er í hávegum hafður í löndunum sem við berum okkur að jafnaði saman við.

Það er menningarleg byggðarstefna, þ.e.a.s. að leggja ekki aðeins útfluttningi íslenskrar tónlistar lið heldur einnig að hjálpa íslensku tónlistarfólki að ferðast og spila umhverfis sitt eigið land. Sem sagt ekki bara ÚTÓN - hvað með að stofna INNTÓN!

Það er dýrt að ferðast um Ísland og oft koma heilu tónleikaferðalögin út á sléttu þó svo vel hafi verið mætt, því bensín, gisting og matur fyrir hljómsveit getur verið talsverður kostnaðarliður. Þess vegna spila margir íslenskir tónlistarmenn frekar erlendis en fyrir sveitunga sína, jafnvel þó tónlist þeirra sé öll á íslensku, þetta skýtur skökku við og verður að laga. Menningarleg byggðarstefna hefur gefist vel í Noregi og víðar og auðlindasjóðurinn nýtist þeim sem honum ber. Þetta myndi skapa samstöðu og samtal milli landshluta og hífa okkar listræna sjálfstraust á æðra plan - sjálfbærarar plan, þar sem kauðar eins og Garðar Hólm (úr Brekkukotsanál) eru ekki þeir einu sem fá tónleikaferðalagastyrkinn.

Með kv. Teitur M.

Reykjavík 26. febrúar 2023

Umsögn um:

1060/153 stjórnartillaga: tónlistarstefna fyrir árin 2023--2030 | Þingtíðindi | Alþingi (althingi.is)

153. löggjafarþing 2022–2023.

Þingskjal 1060 — 689. mál.

Stjórnartillaga.

Sendandi:

Valgerður Jónsdóttir, PhD

Tónstofa Valgerðar

Stórhöfða 23

110 Reykjavík

S: +354 8622040

www.tonstofan.is

<https://www.instagram.com/tonstofan/>

<https://www.facebook.com/tonstofavalgerdar>

Í tillögu til þingsályktunar um tónlistarstefnu fyrir árin 2023-2030 sem Alþingi felur menningar- og viðskiptaráðherra að vinna að (153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 1060 — 689. mál. Stjórnartillaga) segir um markmið og framtíðarsýn.

„Með tónlistarstefnu verði mótuð framtíðarsýn og vegvísar með það að markmiði að styðja við tónlist sem listgrein, tónlistarfólk og aðra sem starfa við tónlist. Tryggð verði inngilding og aðgengi almennings að tónlist og tónlistarmenntun.“

Tónlistarstefnan inniheldur þrjár megináherslur sem hver um sig hefur að geyma tiltekið markmið og aðgerðir til að ná því. Megináhersla 1 (1.3.1, 1.3.2, og 1.3.4) hefur sérstaka þýðingu fyrir nemendahóp Tónstofu Valgerðar og aðra þá sem vegna áskorana af ýmsu tagi hafa ekki átt greiðan aðgang að tónlistarskólum landsins. Athugasemdir og ábendingar sem hér fylgja eru gefnar frá sjónarhorni nemendahóps Tónstofunnar en þar fer fram tónlistarkennsla fyrir nemendur sem vegna fatlana og eða sjúkdóma þurfa sérstakan stuðning. Tónstofan er eini tónlistarskólinn á landinu þar sem þessir einstaklingar njóta forgangs. Framvinda og markmið kennslunnar sem og kennsluaðferðirnar taka mið af forsendum, þörfum og óskum hvers einstaks nemanda. Nemandi í Tónstofunni getur lagt stund á hefðbundið tónlistarnám. Hann getur einnig notið fjölbættrar tónlistarkennslu og þjálfunar sem beinist að því að efla tónnæmi hans og tónlistarfærni, bæta líðan hans og veita

sköpunarþörfinni útrás. Í þessu felst sérstaða Tónstofu Valgerðar um leið og hún fylgir þeim megin markmiðum sem eru skilgreind í aðalnámskrá tónlistarskóla og skólanámskrá Tónstofunnar.

Megináhersla 1 er tónlistarmenning og menntun.

Markmið 1.3. Tónlistarmenntun verði fjölbreytt og af miklum gæðum.

1.3.1. Hafin verði endurskoðun aðalnámskrár tónlistarskóla.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Tímaáætlun: Úttekt hefjist í desember 2023.

Kostnaður: Metinn eftir að úttekt lýkur.

Athugasemdir/ábendingar:

Tónstofan fagnar því að hefja eigi endurskoðun aðalnámskrár tónlistarskóla. Í endurskoðaðri aðalnámskrá þarf jafnrétti og inngilding að vera sett fram með þeim hætti að virki í framkvæmd en hljómi ekki einungis í fagurgala orðanna líkt og í núverandi námskrá.

Taka þarf tillit til og skilgreina einstaklingsbundna námsframvindu og einstaklingsbundið námsmat óháð aldursviðmiðum og námstíma. Vegvísi er að finna í Tónstofu Valgerðar en þar býr 36 ára þekking á tónlistarkennslu nemenda með fötlun. Við veitum fúslega ráðgjöf við endurskoðun aðalnámskrár tónlistarskóla svo inngilding og jafnrétti virki í framkvæmd. Við bendum á að í inngildingu og skóla án aðgreiningar felast skipulagðar umbætur (breytingar) á innihaldi, kennsluáferðum, aðferðafræði og skipulagi náms til að ryðja úr vegi hindrunum með það að leiðarljósi að allir nemendur á sama aldri geti verið virkir þátttakendur og nýtt sér sanngjarna og sjálfsagða námsreynslu í umhverfi sem kemur til móts við óskir þeirra, áhugasvið og færni.

1.3.2. Átak verði gert í nýliðun tónlistarkennara. Farið verði í auknar kynningar á kennaramenntun í tengslum við tónlist á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Tímaáætlun: Úttekt hefst í desember 2023.

Kostnaður: Metinn eftir að úttekt lýkur.

Athugasemdir/ábendingar:

Að auka kynningar á kennaramenntun er ekki nóg ef leiðarljósið til framtíðar er inngilding og jafnrétti. LHÍ hefur m.a. beint sjónum sínum og orku að erlendum samstarfsverkefnum (t.d. Erasmus+) sem fylgja styrkir/fjármagn. Öll framþróun er af hinu góða og því ber að fagna að næsta haust hefst í LHÍ ný námsbraut á meistarastigi *Listir og velferð*. Gagnast sú námsbraut verðandi tónlistarkennurum? Vel menntaðir tónlistarkennarar eru undirstaða áframhaldandi

vaxtar tónlistarnáms. En hvað er góð menntun, hverjum á hún að gagnast og hvenær á hún að hefjast? Því miður vantar grunninn að mínu mati! Ef inngilding og jafnrétti á að ná fótfestu í tónlistarskólum landsins og í tónmenntakennslu almennt, þarf kennslufræðin strax á bakkalárstigi í kennaranámi LHÍ að gagnast kennaraefnum sem eiga að starfa í skóla án aðgreiningar.

Vel menntaðir og reynslumiklir kennarar Tónstofunnar eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum í kynningarstarfi/námskeiðum/námi/verknámi fyrir kennaraefni sem hafa áhuga á þessu sérsviði þ.e. tónlistarkennslu fólks með fötlun. Í tengslum við kynningar á kennaramenntun þar sem inngilding og jafnrétti ríkir býður Tónstofan mennta- og barnamálaráðuneytinu og LHÍ til samstarfs/samvinnu af því tagi sem gagnast gæti kennaraefnum í skóla án aðgreiningar. En Tónstofan getur ekki borgað með sér til að sinna slíku verkefni.

1.3.4. Áhersla verði lögð á áframhaldandi stuðning við verkefni sem miða að því að auka aðgengi og áhuga barna á tónlist og tónlistarsköpun.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneytið.

Tímaáætlun: 2023–2026.

Kostnaður: Verði metinn eftir einstökum verkefnum.

Athugasemdir/ábendingar:

Tónstofa Valgerðar hefur í þau 36 ár sem hún hefur starfað aldrei fengið stuðning frá ríkinu/ráðuneytum þessa lands, þrátt fyrir ítrekaðar en jafnframt hógværar tilraunir! Þó hefur Tónstofan verið í framvarðasveit við það að auka aðgengi fólks með fötlun að tónlist og tónlistarsköpun. Við höfum ekki leitað eftir stuðningi frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu en fáum væntanlega hljómgrunn verði eftir því leitað því eins og segir í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni „stjórnvöld geta tekið forystuna með því að hafa leiðarstefin til hliðsjónar þegar teknar eru ákvarðanir sem snúa að styrkveitingum og opinberum verkefnum.“

Að lokum.

Leiðarstefin í tónlistarstefnunni aðgengi, inngilding og jafnrétti eru mikilvæg og skipta fólki með fötlun sem hefur áhuga á að iðka tónlist og leggja stund á tónlistarnám öllu máli.

Tónlistarstefnan talar um forvarnargildi tónlistarnáms, aðgengi að fjölbreyttri tónlistarmenntun á öllum skólastigum óháð bakgrunni og búsetu, einstaklingsmiðað nám þar sem hugað er að þörfum hvers og eins nemanda, eðlilega námsframvindu og samfellu í námi,

frá fyrstu stigum yfir mið- og framhaldsstig almennra tónlistarskóla og loks á háskólastig. Þetta eru fögur orð sem hljóta að gilda einnig um „almenningsinn“ í Tónstofunni sem nýtir og þroskar styrkleika sína og áhugasvið óháð aldri og á eigin forsendum og í þágu sinnar eigin velferðar og samfélagsins alls! Mikilvægi Tónstofunnar felst m.a. í því að standa vörð um réttindi fatlaðs fólks til að nýta og þróa hæfileika sína og til að stuðla að virkri þátttöku þeirra í menningarlífi og listum. Í skóla magbreytileikans eiga allir tónlistarskólar að standa vörð um réttindi fólks með fötlun. Stöndum undir ábyrgðinni sem okkur ber að taka!

Virðingarfyllt,

Valgerður Jónsdóttir, PhD

Tónstofa Valgerðar

Stórhöfða 23

110 Reykjavík

S: +354 8622040

www.tonstofan.is

<https://www.instagram.com/tonstofan/>

<https://www.facebook.com/tonstofavalgerdar>

Komið sæl.

Hér eru nokkrar athugasemdir mínar við lestur tillögu til þingsályktunar um tónlistarstefnu fyrir árin 2023 - 2030

Markmið 2.4. Sjóðakerfi tónlistar verði skilvirkt. 2.4.1. Hljóðritasjóður, Tónlistarsjóður og Útflutningssjóður íslenskrar tónlistar verði sameinaðir í nýjum tónlistarsjóði. Í tónlistarsjóði verði mismunandi deildir sem sinni ólíkum stigum tónlistarverkefna, allt frá frumsköpun til markaðssetningar og útflutnings. Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneytið. Tímaáætlun: Vorið 2023. Kostnaður: 645 millj. kr. 2023–2026.

Er hér átt við að kostnaður við alla þessa sjóði verði 645 m ikr á 4 árum, 23/24/25/26? Þetta er nokkuð óskýrt, mætti skerpa á.

3.1.5. Stuðningur við tónlistarhátíðir verði markviss, m.a. með því að nýr tónlistarsjóður bjóði upp á rekstrarstuðning til lengri tíma. Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneytið. Tímaáætlun: Hefjist 2023. Kostnaður: Falli undir tónlistarsjóð.

Hér er líka mikilvægt að geta sótt fyrirfram, amk. ár fram í tímann.

3.1.7. Hafin verði greining á því hvenær á ferli tónlistarfólks mest þörf er fyrir útflutningsstuðning. Ábyrgð: Tónlistarmiðstöð. Tímaáætlun: 2024. Kostnaður: Falli undir tónlistarmiðstöð.

Þetta er gífurlega mismunandi eftir tónlistartegundum, en yfirleitt er þörfin mest á fyrstu stigum og fyrstu árum útrásar, meðan verið er að byggja upp áheyrendahóp.

Það tekur tíma, tengslanet og þekkingu að koma verkefnum á reksþöl alþjóðlega þannig að þau hafi tekjur af vörumerki sínu og náí að skapa sér tekjur með tónleikahaldi og sölu á tónlist sinni erlendis.

Nokkrir punktar um tónlistarmiðstöð.

Hafa verður í huga að tónlistarmiðstöð þarf að hafa eyrun við grasrótina ásamt því að fylgjast vel með nýjustu straumum og stefnum í tónlistarheiminum alþjóðlega. Hún þarf að geta stutt við íslenskt tónlistarfólk á þeirra forsendum, og varast að reyna að setja mismunandi tónlistargeira í sama mótið þegar kemur að því að aðstoða við styrkveitingar, ferilmótun og tengslamyndun, svo eitthvað sé nefnt. Það eru mismunandi aðferðir við útflutning hinna ýmsu tónlistarstefna.

Varðandi stuðning við sprotaumhverfið í tónlist hérlendis, þá ber að líta til þess hvað innanlandsmarkaðurinn er lífill, og getur því aðeins stutt við fá verkefni, en á móti kemur að þau verða sjaldnast útflutningsvara, þeas þau sem best ganga hér, m.a. vegna þess að þau verða upptekin af því að sinna sínum áheyrendum hér og vinsældum sínum á innanlandsmarkaði og vantar oft þar af leiðandi hvata til þess að reyna sig við stærri markað. Það er staðreynd sem á við um flest norðurlönd að flest vinsælustu verkefni á heimamarkaði eru yfirleitt ekki útflutningsvara. Að sjálfsögðu eru undantekningar á þeirri reglu en hún er nokkuð vel staðfest. Það tekur hinsvegar tíma, tengslanet og þekkingu að koma verkefnum á reksþöl alþjóðlega þannig að þau hafi tekjur af vörumerki sínu og náí að skapa sér tekjur með tónleikahaldi og sölu á tónlist sinni erlendis.

Þetta gerir litlum sprotum sem vilja vinna með tónlist á alþjóðamarkaði erfitt fyrir.

Öll dreifing og kynning á tónlist er komin á netið og streymisveitur og því ætti að vera auðveldara nú en áður að finna verkefnum áheyrendahóp hér frá Íslandi frekar en að þurfa nauðsynlega að fara í gegnum fyrirtæki erlendis, eins og módelið hefur verið fram að þessu. Daði Freyr og íslenskt umboðsfyrirtæki hans, Klapp, eru gott dæmi um þetta.

Ekki má gleyma að hafa í huga nýjar tekjulindir sem eru hluti af hröðum breytingum í umhverfi tónlistar á síðustu 10 árum, og þá er ég að vísa til þess sem kallað er Sync og á við sölu á tónlist í hverskonar myndefni, sjónvarpsþætti, streymisveitu þætti, kvikmyndir og hverskonar heimlidar og fræðslumyndir, að ekki sé minnst á auglýsingar og tölvuleiki sem eru að verða stærri eining en kvikmynda og tónlistargeirinn samanlagt.

Hafa ber í huga í umfjöllun um útflutningsverkefni að umhverfið er á stöðugri hreyfingu og því getur verið varasamt að alhæfa mikið um óbifanlega fasta í árangri og að velgengni sé eitthvað sem hægt sé að sjá fyrir og hreinlega framleiða með réttu aðferðunum.

Því stundum er þetta aðallega spurning um peninga.

Að sjálfsgöðu er hægt að fjárfesta í geirunum og sjá þá blómstra smbr hvað gerst hefur í Suður Koreu á síðustu 20 árum, en þar hefur skipulega verið að búa til K - Pop kúltúr sem er að ná alþjóðahylli með aðferðum sem voru upphaflega búnaar til í bandaríkjunum um miðbik síðustu aldar þegar stór tónlistarfyrirtæki réðu höfunda til þess að semja smelli fyrir flytjendur sem æfðir voru í söng og dansi, t.a.m. Mowtown veldið og þar á undan Columbia með alla sína fínu söngvara frá Frank Sinatra til Ellu Fitzgerald og síðan tók markaðsdeildin við.

Í tilviki K-Pop eru gífurlegir fjármunir í markaðssetningu. Eins og hjá flestum stórum plötufyrirtækjum.

Velgengni flestra helstu ambassadora Íslenkrar tónlistarútrásar hefur fyrst og fremst byggst á frumlegheitum, ekki markaðspeningum. Í því felst líka ákveðinn styrkur, en þessu má ekki rugla saman.

Nú til dags eru að verða til stjörnur í tónlistarheiminum útfrá samfélagsmiðlum eins og TikTok, og hver veit hvað verður eftir 2 ár.

Í millitíðinni er öllum til bóta að setja á stofn tónlistarmiðstöð sem styður betur við íslenska tónlist, og tónlistarfólk, og tónlistarsamfélagið allt með öllu því jákvæða sem því fylgir.

Eitt að lokum, varðandi skipun stjórnar nýrrar tónlistarmiðstöðvar, verð ég að lýsa undrun minni á því að félag eins og samband tónleikahaldara hafi þar ekki aðkomu, þar sem þeir aðilar eru gífurlega mikilvægur hluti af atvinnuskapandi tekjumódeli tónlistargeirans á Íslandi, þeas, lífandi flutningi, en hinsvegar hefur þessi tónlistarmiðstöð afar lítið með tónlistarmenntun að gera, en samt er félag tónlistarkennara með fulltrúa í stjórn. Að mínu mati þarf að vera frekari umræða um þessar áherslur.

Með vinsemd og virðingu.

Sigtryggur Baldursson

Managing director

sigtryggur@icelandmusic.is

ISL/Whatsapp: +354 697 6425

